

REGLUGERÐ

um breytingu tekjumarks skv. 11. og 12. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar.

1. gr.

Ellilífeyri (grunnlífeyri) skal skerða í samræmi við ákvæði 11. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 ef árstekjur (þ.e. skattskyldar tekjur aðrar en lífeyrissjóðstekjur, bætur almannatrygginga, bætur skv. lögum um félagslega aðstoð og aðstoð félagsmálastofnana) einstaklinga eða hjóna hvors um sig eru hærri en kr. 1.050.552 eða kr. 87.546 á mánuði.

2. gr.

Örorkulífeyri (grunnlífeyri) skal skerða í samræmi við ákvæði 12., sbr. 11. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 ef árstekjur (þ.e. skattskyldar tekjur aðrar en lífeyrissjóðstekjur, bætur almannatrygginga, bætur skv. lögum um félagslega aðstoð og aðstoð sveitarfélaga) einstaklinga eða hjóna hvors um sig eru hærri en kr. 1.070.532 eða kr. 89.211 á mánuði.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 66. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993, öðlast gildi 1. nóvember 1997.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 2. október 1997.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir sérstök eftirlits- og þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins nr. 433/1996.

1. gr.

2. mgr. 2. gr. orðist þannig:

Fyrir hverja gjaldeiningu skal greiða kr. 740.

2. gr.

Töluliður nr. 89 í viðauka 1 orðist þannig:

Nr. 89 Útgáfa skírteina til stjórnunar farandvinnuvéla 3,4

3. gr.

Töluliður nr. 90 í viðauka 1 orðist þannig:

Nr. 90 Endurútgáfa skírteina til stjórnunar farandvinnuvéla og færslu nýrra réttinda 1,7

4. gr.

Breyting þessi á gjaldskrá sem sett er samkvæmt 2. mgr. 49. gr., 3. mgr. 77. gr., 2. og 4. mgr. 80. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum staðfestist